

Ídæmd gjöld greiðist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar 1916.

Nr. 70/1915. Lyder Höydal
 gegn
 Sveini Björnssyni f. h.
 Oluf Holm.

D ó m u r :

Með dómi landsyfirrættarins uppkveðnum 27. júlí 1914 var áfrýjandi þessa máls Lyder Höydal ásamt Jens L. Ouse dæmdur til þess meðal annars að selja stefnda, Sveini Björnssyni f. h. Oluf Holm, í hendur birgðir af áhöldum til lýsisbræðslu, sem taldar voru í félagsslitareikningi málsaðila í desember 1911. Við fógetagerð í Vestmannaeyjum 10. desbr. 1914, sem haldinn var eftir kröfu stefnda hjá Lyder Höydal til að fullnægja nefndum landsyfirrættardómi, greiddi Höydal ídæmdar skaðabætur, 600 kr. og málskostnað 80 kr., og fjárnámsbeiðandi Sveinn Björnsson viðurkendi, að hann hefði tekið við svo miklu af áhöldunum, er næmi 2124 kr. verði, en honum voru þá óafhent áhöld fyrir 5052 kr. Krafðist fjárnámsbeiðandi, að fógetinn léti stefnda afhenda þessa muni eða andvirði þeirra, en fógetinn kvað þá upp úrskurð

á þá leið, að frekari aðför ætti ekki fram að fara nema fyrir aðfararkostnaði. Þessi úrskurður fógetans var úr gildi feldur með dómi landsyfírréttarins 26. júlí f. á., og var fógetinn skyldaður til að framkvæma fjárnám hjá áfrýjanda fyrir andvirði hinna óskilufu áhalda.

Hinn reglulegi fógeti í Vestmannaeyjasýslu, Karl Einarsson sýslumaður, sat á alþingi sumarið 1915, en samkvæmt beiðni hans hafði yfírréttarmálaflutningsmaður Sigurður Lýðsson verðið löggiltur af stjórnarráðinu til að gegna sýslumannsembættinu á hans ábyrgð á meðan. Með því nú Sigurður Lýðsson hafði flutt fyrir áfrýjanda mál þau milli hans og Sveins Björnssonar f. h. Oluf Holm, er dómur höfðu gengið í landsyfírdóminum 27. júlí 1914 og 26. júlí 1915, og hafði mætt fyrir áfrýjanda hönd við fjárnámið 10. desbr. 1914 og þar mótmælt fjárnáminu, fór Sveinn Björnsson þess á leit, að stjórnarráðið skipaði setufógeta í Vestmannaeyjasýslu til þess að framkvæma fjárnám samkvæmt yfírréttardóminum 26. júlí f. á., og var þá yfírréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason settur af stjórnarráðinu 7. ágúst s. á. til þess sem setufógeti að framkvæma nefnt fjárnám.

Við fjárnám það, er því næst fór fram samkvæmt kröfu stefnda 14. ágúst f. á. til að fullnægja nefndum dómi landsyfírréttarins 26. júlí f. á., mætti enn yfírréttarmálaflutningsmaður Sigurður Lýðsson fyrir hönd áfrýjanda og mótmælti því, að setufógetinn framkvæmdi fjárnámið með því, að hvorki hinn reglulegi fógeti í Vestmannaeyjasýslu né sá maður, er í hans

stað gegndi embættinu, hefði vikið úr dómarsæti, og í annan stað krafðist hann þess, ef setufógetinn ætlaði engu að síður að framkvæma gerðina, að fógetinn léti þá framfara mat um það, hvers virði það væri nú fyrir dómhafa, Oluf Holm, að fá dóminum fullnægt.

Setufógetinn, Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður, kvað þá þegar upp 2 úrskurði: Í hinum fyrri neitaði hann að taka til greina hin framkomnu mótmæli gegn því, að hann framkvæmdi gerðina, og með hinum síðari neitaði hann að taka til greina kröfu áfrýjanda um málið, en ákvað sjálfur, að úr því áfrýjandi gæti eigi látið af hendi hin óskiluðu lýsisbræðsluáhöld, skyldi hann standa gerðarbeiðanda skil á andvirði þeirra með 5052 kr. og gerði síðan fjárnám í eignum áfrýjanda fyrir þeirri upphæð.

Fjárnámi þessu ásamt umgetnum úrskurðum hefir áfrýjandi, Lyder Höyðal nú skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 4. okt. f. á. og krefst hann þess, að fjárnámið og hinir uppkveðnu úrskurðir verði úr gildi feldir, að stefndi Sveinn Björnsson f. h. Oluf Holm verði dæmdur til að endurgreiða kostnaðinn við fjárnámsgerðina og til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Kröfu sína um ógildingu fjárnámsins byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því, að setufógetinn hafi framkvæmt fjárnámið þótt hinn reglulegi fógeti hafi eigi vikið sæti eða hafi verið forfallaður. Að visu sé það eigi tekið fram í skipunarbréfi stjórnarráðsins til setufógetans, að löggildingin sé því skilyrði bundin að hinn reglulegi fógeti viki sæti við fógeta-

gerðina, en bæði sé umboðsvaldinu óheimilt að skipa setufógeta án þess að hinn reglulegi fógeti hafi vikið sæti, enda hafi það fráleitt verið meining þess, heldur hafi stjórnarráðið einungis ætlast til, að setufógetaskipunin væri fyrir hendi, ef hinn setti sýslumaður og fógeti viki sæti við gerðina.

Eins og þegar hefir verið tekið fram, sat hinn reglulegi dómari, Karl Einarsson sýslumaður, á alþingi, er fjárnámið fór fram, og þar sem Sigurður Lýðsson, yfirréttarmálaflutningsmaður, er gegndi embættinu í hans stað og á hans ábyrgð, hafði sem umboðsmaður áfrýjanda flutt mál það, er leitt hefir til hins áfrýjaða fjárnáms, bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, og einnig hafði mætt við fjárnámið 11. desbr. 1914 og þar hafid mótmeili gegn framkvæmd þess, og með þessum afskiftum sínum af málinu fyrirfram hafði gert sig óhæfan til að fara með fjárnám þetta sem fógeti, virðist eins og á stóð ekki nauðsynlegt til þess að setufógetinn, Oddur Gíslason, tæki fjárnámskröfuna til meðferðar að umboðsmaður hins reglulega fógeta viki sæti með úrskurði.

Þá hefir áfrýjandi krafist þess, að fjárnámið verði felt úr gildi fyrir þá sök, að setufógetinn hafi bókað nokkurs konar inngang að fjárnáminu áður en hann (áfrýjandi) hafi komið vörnum fyrir sig, og þar tekið afstöðu til þeirra atriða, er ágreiningur varð um, en þar sem fógetagerðin ber það með sér, að úrskurðirnir um ágreiningsmálin vóru ekki uppkveðnir fyr en sókn og vörn aðila fyrir fógetaréttinum var lokið, er ekki ástæða til að ógilda fjárnámið af þessari ástæðu.

Svo sem fram hefir verið tekið neitaði setufógetinn með hinum síðari úrskurði að taka til greina kröfu áfrýjanda um að láta fara fram mat á því hvers virði það væri fyrir dómhafa að fá dóminum frá 27. júlí 1914 fullnægt. Þetta telur áfrýjandi ólöglegt og eigi að varða ógildingu fjárnámsins. Heldur hann því fram, að fógetinn hafi verið skyldur til að meta peningagjald það, er koma átti í stað hinna óskiluðu lýsisbræðsluáhalda annaðhvort með aðstoð réttarvottanna eða sérstaklega tilkvaddra manna, enda sé hið ákveðna verð áhaldanna svo hátt sett, að það ekki nái neinni átt.

Í dómi landsyfirréttarins 26. júlí f. á., er hið áfrýjaða fjárnám byggist á, er tekið fram, að enginn ágreiningur hafi verið miðli málsaðila um verð áhalda þeirra, er áfrýjandi átti að skila stefnda, hafi verð þeirra verið, samkvæmt framlagðri skýrslu 7671 kr. ÷ 495 kr. eða 7176 kr. Í fógetaréttinum 10. desbr. 1914 viðurkendi stefndi, að hann hefði tekið við svo miklu af áhöldunum, sem næmi 2124 kr., og var honum þannig óafhent áhöld fyrir 5052 kr., og segir ennfremur í dómnum, að það verði ekki talið rétt, að stefnda var við fógetagerðina 10. desbr. 1914 synjað um fjárnám hjá Höyðal fyrir nefndu andvirði hinna óskiluðu áhalda. Þar sem þannig í yfirréttdómnum í raun og veru var sett peningagjald í stað hinna óskiluðu áhalda og engum áhöldum síðar var skilað, þurfti ekkert mat á áhöldum þessum fram að fara, og hafa því mótmæli áfrýjanda gegn fjárnáminu, er að þessu lúta, ekki við rök að styðjast.

Loks heldur áfrýjandi því fram, að fógetinn hafi gengið lengra en hann hafði vald til, með því að taka af honum (áfrýjanda) réttinn til að leigja út húseignir þær, er fjárnámi voru teknar, en til þessa hafði fógetinn fult vald, samkvæmt 21. gr. aðfararlaganna 4. nóvbr. 1887.

Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámssgerð og úrskurði, og ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámssgerð skal óraskað. Áfrýjandi Lyder Höydal greiði stefnda Sveini Björnssyni fyrir hönd Oluf Holm málskostnað með 40 kr., er greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 31. janúar 1916.

Nr. 82/1915.

Réttvisin

gegn

Skúla S. Thoroddsen.

D ó m u r :

Í máli þessu er hinn ákærði, yfirréttarmála-